

Alþingi
Erindi nr. P 135/2926
komudagur 22.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2008
HJ/SLB/037/08


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 með síðari breytingum, 614. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 15. maí 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sömu reglur gildi um atvinnutekjur örorkulífeyrisþega og nú gilda um atvinnutekjur ellilífeyrisþega á aldrinum 67-70 ára, þar til önnur sambærileg réttindi verði ákveðin á grundvelli vinnu framkvæmdanefndar forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingar starfsendurhæfingar.

Tryggingastofnun ríkisins gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Eriundi nr. P 13S/3132
komudagur 28.8.2008

Reykjavík, 27. ágúst 2008
2008050016
90.6

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar þakkar fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, 614. mál, frítekjumark örorkullfeyrisþega. Mjög hefur dregist að veita umsögnina vegna sumarleyfa starfsmanna og er beðist velvirðingar á því.

Velferðarsvið mælir eindregið með samþykki frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,
f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar


Halldór Hjalti Halldórsson
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 135/2937
komudagur 23.5.2008



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (614. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lögð er til hækkun á frítekjumarki örorkulífeyrisþega.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi
Erindi nr. P 135/2895
komudagur 21.5.2008




Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. maí 2008

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatrygginar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, þingsjal 956, 614 mál, fritekjumark örorkulífeyrisþega.

Samtökin mæla eindregið með samþykkt frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2918
komudagur 22.5.2008



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2008

Efni: Umsögn ÖBÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008)

Þingskjal 956 – 614. mál

Örorkjabandalag Íslands lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp sem kveður á um 100 þúsund króna frítekjumark til handa öryrkjum á mánuði vegna atvinnutekna. Telur bandalagið að hér sé um mikið framfaraspor í réttindamálum öryrkja að ræða. Það er trú undirritaðs að þetta muni ýta undir atvinnuþátttöku öryrkja til muna, þegar til lengri tíma er litið.

Hins vegar veldur það vonbrigðum að hér er einungis um ákvæði til bráðabyrgða að ræða sem gilda á „á tímabilinu 1. júlí til 1. janúar 2009.“, þar sem gert er ráð fyrir að nýtt örorkumat taki þá gildi.

ÖBÍ hefur lýst miklum efasemdum um að raunhæft sé að taka upp nýtt örorkumat á svo skömmum tíma. Fyrir því hafa verið færð fjölmörg rök og þau helstu eru eftirfarandi:

1. Miðað við þær upplýsingar sem ÖBÍ hefur virðist talsverð vinna eftir við að hanna og þróa nýtt örorkumatskerfi sem taka á gildi um næstu áramót.
2. Jafnvel þó tækist að koma á laggirnar nýju örorkumati um næstu áramót, hlýtur að taka nokkurn tíma að meta um 14.000 öryrkja inn í það nýja kerfi.
3. Nýtt örorkumatskerfi þarf að samþykkja sem lög frá Alþingi og eftir því sem ÖBÍ kemst næst er vinna við smíði frumvarpsins stutt á veg komin.
4. Hönnun hugbúnaðar til afgreiðslu almannatryggingabóta tekur tíma. Má í því sambandi benda á vanda þann sem Tryggingastofnun ríkisins var sett í á sínum tíma þegar ný lög um endurreikning bóta almannatrygginga samkvæmt skattaálagningu tók gildi. Tæpu ári eftir að einstaklingum var gert skylt að áætla nákvæmlega væntanlegar tekjur sínar að ári, leit loks reglugerð með ítarlegri útfærslu verklags TR dagsins ljós. Áhrifa þeirra vinnubragða gætti árin á eftir og var ein orsök endurkrafa bóta á hendur margra lífeyrisþega.




Ábyrgðinni var nær eingöngu varpað á líffeyrisþegana. Síkt má ekki henda að nýju.

Í ljósi þessa telur ÖBÍ eðlilegra að gefa sér öllu lengri tíma og að ákvæði til bráðabyrgða gildi þar til nýtt örorkumat tekur gildi en sé ekki bundið við dagsetninguna 1. janúar 2009.

Það er von undirritaðs að félags- og tryggingamálanefnd Alþingis taki tillit til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Halldór Sævar Guðbergsson
formaður Öryrkjabandalags Íslands.